

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1947.

*Forsetaúrskurður um skipun og skipting ráðherra o. fl.*, undirskrifaður af forsetanum 4. febrúar 1947, nr. 6.

*Lög um héraðsskjalasöfn*, undirskrifuð af forsetanum 12. febrúar 1947, nr. 7.

*Lög um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 8.

*Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1947*, undirskrifuð af forsetanum 14. febrúar 1947, nr. 9.

12

21. jan.

### REGLUGERÐ

#### um flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum.

##### 1. gr.

Í umboði höfundafélaga Bandalags ísl. listamanna fer Bandalagið með almenna aðild til þess að semja um flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum við Ríkisútvarpið, leikhús, tónlistarfélög, aðrar stofnanir og einstaklinga, svo og til að setja gjaldskrá um flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum.

##### 2. gr.

Í lögum félaga Bandalagsins skal fram tekið, að félagsmenn veiti Bandalagi ísl. listamanna aðild til að semja um flutningsrétt á verkum sínum, enda sé það gert með samþykki þess félags, sem hagsmuna á að gæta í sambandi við samning eða gjaldskrá. Ef slíkt ákvæði er ekki í lögum Bandalagsfélags, getur hver einstakur félagismaður gefið Bandalaginu sérstakt umboð til að semja um rétt til flutnings á verkum sínum.

##### 3. gr.

Óheimilt er að flytja ritverk eða tónsmíðar, sem vernduð eru með ákvæðum laga um rithöfundarétt og prentarétt, nema áður hafi náðst um það samkomulag við Bandalag ísl. listamanna eða gjaldskrá verið sett um flutning þeirra.

##### 4. gr.

Bandalag íslenzkra listamanna og Ríkisútvarpið skulu gera með sér samning um rétt útvarpsins til flutnings á ritverkum og tónsmíðum, sem vernduð eru með lögum um rithöfundarétt og prentarétt, og greiðslu fyrir hann. Samningurinn skal vera til ákveðins tíma, en framlengist af sjálfu sér, ef annar hvor aðili hefur eigi sagt honum upp 3 mán. áður en samningstíminn er liðinn.

##### 5. gr.

Náist ekki samkomulag milli Bandalagsins og Ríkisútvarpsins, skal gerðardómur úrskurða um þau atriði, sem ekki hefur náðst samkomulag um. Í gerðardóminum eiga sæti þrír fulltrúar, einn kjörinn af útvarpsráði, einn af B. Í. L. og einn tilnefndur af Hæstarétti. Fulltrúi Bandalagsins skal vera úr því höfundafélagi, sem hlut á að máli hverju sinni. Úrskurði gerðardómsins verður eigi áfrýjað.

##### 6. gr.

Bandalag íslenzkra listamanna skal leita samninga við viðurkennd heildarsamtök annarra aðila, sem annast flutning ritverka og tónsmíða opinberlega. Nú kemur aðild slíkra samtaka ekki til greina eða samningar nást ekki, og hefur þá Bandalag íslenzkra listamanna heimild til að setja lágmarksgjaldskrá um flutning verkanna.

## 7. gr.

Lágmarksgjaldskrá samkv. 6. gr. skal auglýst í Lögbirtingablaðinu. Gjaldskrá gildir þangað til öðruvísi verður auglýst. 12 21. jan.

## 8. gr.

Samningagerð við Ríkisútvarpið og aðra aðila, svo og samningu gjaldskrár samkv. 6. gr., skal stjórn Bandalagsins annast samkvæmt tillögum og að fengnu samþykki þess höfundafélags Bandalagsins, sem hagsmuna hefur að gæta í sambandi við samning eða gjaldskrá.

## 9. gr.

Reki Bandalag íslenzkra listamanna skrifstofu til að annast samninga um flutningsrétt og innheimtu á greiðslum fyrir flutning, er skylt að greiða þeirri skrifstofu innheimtuþóknun samkvæmt gjaldskrá, er Bandalagið setur, hvort sem greiðslan fer um hennar hendur eða eigi. Fari greiðslan ekki um hendur skrifstofunnar, ber þeim, sem greiðir fyrir flutninginn, að halda innheimtuþóknuninni eftir og greiða hana skrifstofunni.

## 10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 49 frá 14. apríl 1943, og koma þau lög til framkvæmda með staðfestingu hennar, sbr. 3. gr. laganna.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 21. janúar 1947.*

**Brynjólfur Bjarnason.**

*Birgir Thorlacius.*

## REGLUR

### um fyrirtæki, er starfa að loftflutningum.

13

22. jan.

## 1. gr.

Enginn einstaklingur eða fyrirtæki má án leyfis atvinnumálaráðuneytisins gera sér að atvinnu að flytja fólk eða varning hér á landi með loftförum.

## 2. gr.

Nú veitir atvinnumálaráðuneytið einstaklingi eða félagi leyfi til loftflutninga og er það þá, auk sérstakra skilyrða, sem sett kunna að verða í leyfisbréfinu og almennra ákvæða laga nr. 32 frá 14. júní 1929, um loftferðir, bundið þeim skilyrðum, er sett eru í reglum þessum.

## 3. gr.

Atvinnumálaráðuneytið veitir leyfi til loftflutninga til 5 ára í senn.

## 4. gr.

Leyfishafi skal hlíta þeim ákvæðum um fargjöld fyrir fólk og varning, sem atvinnumálaráðuneytið setur á hverjum tíma.

Nú telur ráðuneytið ástæðu til að lækka fargjöld á öllum eða einstökum flugleiðum og skal þá áður en lækkunin er ákveðin, gefa leyfishafa kost á að láta í té umsögn sína um hina fyrirhuguðu lækkun.

## 5. gr.

Leyfishafa er skylt að senda flugmálastjóra skýrslu um reksturinn hvern mánuð, tölu farþega, fjölda ferða og aðrar upplýsingar, sem máli skipta að dómi flugmálastjóra, til þess að fá vitneskju um rekstursafkomu einstakra flugvéla og flugleiða og einnig hvernig fullnægt hafi verið flutningaþörfinni á hverri flugleið.